



Fundargerð

1504. fundur bæjarráðs Reykjaneshúsar, haldinn að Tjarnargötu 12
20. febrúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðbergur Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Magrét A. Sanders boðaði forföll og sat Guðbergur Reynisson fundinn í hennar stað.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka málið Stofnframlög HMS 2025 (2025020341) á dagskrá. Fjallað verður um málið undir dagskrárlíð 7.

* * *

1. Uppbygging á Afreksbraut (2022050239)

Eva Stefánsdóttir formaður íþrótta- og tómstundaráðs og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mættu á fundinn. Þau fóru yfir starf stýrihóps um framtíðaruppbryggingu íþróttamannvirkja og svæða í Reykjaneshús 2022-2026 og kynntu stöðu verkefnisins.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

2. Hitakerfi undir HS Orkuvöll (2021100392)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Erindi frá aðalstjórn og knattspyrnudeild Keflavíkur lagt fram. Óskað er eftir að farið verði í aðgerðir vegna knattspyrnuvallar Keflavíkur, HS Orkuvallar, til að nota megi upphitunarkerfi sem lagt var undir völlinn árið 2010 og hefur aldrei virkað sem skyldi. Erindið var tekið fyrir í íþrótta- og tómstundaráði 12. febrúar sl. þar sem málinu var vísað til bæjarráðs.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

3. Beiðni um viðhaldsframkvæmd, nýbyggingu eða leiguþúsnaði - verklagsregla (2023080045)

Farið yfir verklagsreglu og vinnulýsingar vegna beiðna frá forstöðumönnum stofnana og kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins um viðhaldsframkvæmdir, nýbyggingar eða leiguþúsnaði. Tilgangurinn með verklagsreglunni er að unnið sé eftir samræmdu verklagi og að hugað sé að öllum nauðsynlegum atriðum þegar stjórnandi eða kjörinn fulltrúi sér

fram á að þurfa að leggja inn beiðni um nýbyggingu, stórar viðhaldsframkvæmdir eða leiguhúsnæði sem tengist húsnæði sem er nú þegar í notkun og/eða í eigu sveitarfélagsins.

4. Starfsáætlun íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumála (2025010427)

Starfsáætlun íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumála lögð fram.

5. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Orkustöðin ehf., Bakkastígur 20 (2023100060)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki II-C. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrilliggjandi umsagna.

6. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 12. febrúar 2025 (2025010161)

Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lögð fram.

7. Stofnframlög HMS 2025 (2025020341)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn og kynnti erindi um uppbryggingu á eignasafni félagslegs húsnæðis Reykjanesbæjar.

Lagt fram. Bæjarráð þakkar fyrir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:06.